

3. Ræða

framflutt að Reynistað [11. Nóvember 1846¹⁾] af síra Halldóri Jónssyni presti í Glaumbæ yfir beinum þeim, er meint var, að væru af þeim svonefndu

Staðarbræðrum.

[Af ræðu þessari eru til 3 handrit: *a)* Handrit Landsskjalasafnsins, ritað með smárri fljótaskrift nálægt 1850 á að gizka komið 1913 frá Brynjólfi Jónssyni frá Minnanúpi (d. 1914), en honum hafði verið send ræðan frá Íslendingi í Vesturheimi; eptir þessu handriti er prentað hér; *b)* Handrit Sighvats Gr. Borgfirðings 29. 4to bls. 571—583, er nefnist „Sjóðurinn“, og hefir Sighvatur ritað þar ræðuna 1886 „eptir handriti Jóns Borgfirðings lögregluþjóns í Reykjavík, er hann segist hafa ritað eptir illu handriti 21. Febr. 1885“. Í þessu handriti Sighvats einu, er getið árs og dags, þegar ræða þessi var flutt; *c)* Handrit Landsbókasafnsins 1101. 8vo (= JP. 141, 8vo), ritað c. 1870, komið frá Sigurði hreppstjóra Brandssyni í Tröð í Hnappadal 24. Maí 1897].

Drottinn, þinir þankar eru ekki mannanna þankar,

¹⁾ [b. v. b.]

þinir vegir ekki þeirra vegir, en þú skynjar hugsanir mannanna og hefir gætur á vegum þeirra. Þú segir: Hingað og ekki lengra. Og alt verður að hlýða þínum almáttuga vilja. Gef oss ávalt að hafa hugfastan þennan sannleika, og laga breytni vora eptir honum, svo ekki verðum vér til skammar, þegar þú lætur birtu þinnar heilögu réttvísi leiða í ljós, hvers breytni vor hafi verið makleg. Kenn oss þinn ótta, kenn oss kristilega forsjálmi og varfærni, svo vér ekki þurfum að skelfast fyrir dauðanum, hver helzt og hvernig sem hann kallar oss, og vinir vorir geti haft þá huggun í sorginni, að hvar helzt líkaminn liggur, sé þó sálin í sælu hjá þér. Amen.

Þess er getið, sem gert er, og menn tala um það, sem við ber. Þess er og getið, sem skeð hefir og framið hefir verið fyrir árum og öldum. Dagarnir, árin, aldirnar liða, og hið mikla gleyskunnar haf breiðir sig að vísu smátt og smátt yfir verk þeirra og viðburði. En þó eru til þau verk og þeir viðburðir, sem ekki gleymast svo fljótt, — sem menn þekkja og ræða og dæma um á fjarlægum öldum. Endurminningin og sagan er sá spegill, sem mönnum er gefið að skoða í hið umliðna. Í þessum spegli sjá menn mart ágæti og mikinn hégóma, menn sjá þar margan vott guðs elskuríku og dásamlegu stjórnunar, — það vekur undrun og lotningu í hjartanu, — menn sjá þar furðuverk elskunnar og trúrrar skylduræktar. Það vekur með oss virðingu og elsku. En þar er líka að sjá mart sorglegt og ógeðfelt, sem menn ræða um sín á milli og eru hryggvir af, — margar ófarir og mikla mæðu og sorg, sem vekur innilega hluttekning og meðaumkvun í hverju viðkvæmu hjarta, sem finnur til fleira en á sjálfum liggur, — marga óhæfu og niðingsverk, sem menn ræða um með gremju og sárum móð. — Já, þessi kista, hún vekur með oss þvilíkar hugleiðingar, er lúta að því umliðna; hún vekur upp fyrir oss það, sem opt hefir af mörgum verið um rætt með innilegri hlut-

tekningu, sorg og þungum móð, það, sem vér, þá er vér vorum börn, heyrðum feður vora eða mæður eður aðra, sem á undan oss höfðu séð dagsins ljós, ræða um með tilfinningu og hugmóð, og sem festi djúpar rætur í vorum ungu hjörtum. Það eru þau hryggilegu afdrif þeirra svo nefndu Reynistaðarbræðra, hverra vér í dag minnumst. 66 ár eru liðin síðan þessi sorgaratburður varð, og þó stendur hann enn skýrlega afmálaður fyrir vorum hugskotsaugum, þó einginn af oss sæi hann, og enginn sjónarvottur hafi afmálað oss, hvað grátlegur hann var í öllum sínum einstöku atriðum. Ó, þið fjöll og firnindi vorrar kæru fósturjarðar, hvar svo margir synir hennar og dætur hafa hlotið að búa sér hið síðasta hvilurúm á köldum jökli! Ó, þið voðalegu vetrarbyljir, sem svo mörgum hafið orðið að fjörtjóni! Ó, þið eyðileggjandi harðindi, sem svo opt hafið hólma vorum meinunnið, og voruð hin fyrsta orsök til að sú ferðin var farin, sem í góðum tilgangi var stofnuð, en snerist í þá sorg, sem enn í dag ýfist í hjörtum hér nærstaddra náunga! — Laung var þessi ferðin, og mart kemur fyrir á langri leið. Margt af því, sem fyrir kom á henni vitum vér, um sumt höfum vér sterkan og líklegan grun, en guð veit það alt, — vér vitum að bræðurnir Bjarni og Einar og förunautar þeirra feingu ekki heimkomudaginn að sjá, — vér vitum, að þeir voru af hinum grimmu forlögum leiddir upp á eyðifjöll til hólmgöngu við dauðann, sem lét eina af höfuðskepnunum veita þeim aðgaungu og umsitja þeirra veiku borg meðan kuldi og hungur innan hennar titrandi múra framkvæmdu hans vilja. Þó einginn, nema guð einn, heyrði þeirra andvarpanir og þeirra andlátsbænir, þá þykjumst við vita þetta með vissu. Vér vitum ekki betur en önduð lík bræðrana hafi sézt við hlið tveggja þeirra förunauta, og eitt er vist, að þeir staðirnir sáust, hvar þeir höfðu hvilzt, — meira vitum vér ekki, en hér taka við líkur og ímyndanir um, hver hafi verið sú hryggilega orsök þess, að

likamir bræðranna ekki fundust, og að hinum harm-
andi foreldrunum ekki veittist sú fróun að væta þá í
tárur og búa þá til moldarinnar! Ó! Þú miskunnsami
guð! Höfðu þeir foreldrarnir, sem upp á þennan máta
höfðu mist í einu tvo efnilega og mannvænlega syni —
höfðu þau ekki yfirgnæfanlega sorg að bera, nema að á
hana bættist sá krossinn, sem öllum elskandi hjörtum
er svo þungur, að fá ekki að sjá — eða vita — sína sofn-
uðu ástvinu jarðaða í helgum reiti guðsbarna! Þennan
kross hlutu þó þessir foreldrar að bera til grafarinnar!
Ó, hve opt munu þau ekki harmþrungin hafa andvarp-
að líkt og María forðum, er hún stóð grátandi við gröf-
ina Jesú og sagði, þá er hún fann hann þar ekki sjálfan:
„Þeir hafa tekið á burt herra minn, og eg veit ekki hvar
þeir hafa lagt hann!“ Ó! getur þvilíkt tilfinningarleysi
— þvilíkur kuldi — þvilík harka og grimd búið í man-
legu hjarta, að ætlandi sé, að hér hafi verið við aðra að
deila en dómarrann, á hvers valdi vér erum, hvort vér
lifum eða deyjum Er nokkur kristinn svo harður eða
grimmur, að lastamóðirin (eg meina ágirndin) eða nokk-
uð annað geti komið honum til að vinna niðingsverk á
dauðum manni og svipta hans harmandi náunga þeirri
svölun í sorginni að fá lík hans til greptrunar? — Ó!
það verður, því miður, ekki varið að kristnum mönn-
um hefir stundum farið ver en heiðingjum, en því lík
grimd bjó ekki í hjarta heiðingjans hins harðfeinga
Achillesar, sem vér höfum heyrt, að ekki gat synjað
hinum gamla Priamusi um lík Hektors sonar hans —
óvinar síns, — þegar hann bað hann um það til greptr-
unar. En hvað, sem vér eigum nú hér um að halda, —
hvað, sem vér eigum að ímynda oss sem orsök, þess að
likamir þeirra manna, sem nú tölum vér um, ekki fund-
ust (vér viljum leggja höndina á vörn munn og ekki
dæma, það biður alt síns tíma og fyrir guðs dóm kemur
alt að lokunum, hvort það verður útkljáð eða ekki, út-
kljáð fyrir mannlegum dómstóli), en hvað sem vér —

sagði eg — eigum að ímynda oss um orsök þessa, að lík
þeirra bræðra ekki fundust, og ekki urðu séð af augum
þeirra foreldra, sem án efa hörmuðu þá til dauðans, þá
hefir einnig þetta beðið síns tíma. Og það, sem ekki
auðnaðist foreldrunum, hefir nú hann, sem auðsýnir
miskunnsemi í þúsund líði þeim, er hann elska, látið
auðnast barnabörnum þeirra. Já, þeir eru heim komnir,
Bjarni og Einar, — vér vitum ekki betur en það séu
þeirra bein, sem þessi kista geymir. Þeir eru fyrir ári
síðan heim komnir til föðurhúsanna og urðu með sorg-
blöndnum fögnuði mótteknir, ekki af föður né móður,
sem fyrir löngu eru geingin til guðshvildar, en ekki held-
ur af neinum vandalausum, — nei, þeir urðu móttekn-
ir af sínum nánustu ættingjum, sem mundu hafa geingið
þeim lifandi og nú ganga þeim dauðum í föður og móð-
urstað! Þeir eru — sagði eg — fyrir ári síðan heim
komnir til föðurhúsanna. Þetta er samt, það vitið þér,
heiðruðu vinir, að eins sagt um duft þeirra. En þeir
sjálfir, þeirra ódauðlegi andi, kom strax að stríðinu end-
uðu til hinna eilífu föðurhúsanna í guðs fögnuði; þar
fundu foreldrarnir sína ástfólgnu syni þroskaða og full-
komnaða í þeim hlutum, sem guðs eru, og sæll og fagn-
aðarríkur varð samfundurinn. Þó vér nú vitum — þó
vor trú segi oss þetta — og það sé öllum sorghitnum
ástvinum sú dýrmætasta huggun — þó trú vor segi oss,
að þegar andinn er leystur úr fjötrum líkama þessa
dauða, geti það ekki verið honum til neinnar hindrunar,
hvar sem fjöturinn liggja, þó vér séum fyrir guðs náð
upphafðir yfir þá fornu og barnalegu meiningu heið-
ingjanna, að sálin kæmist ekki í kyrð og ró, fyrr en lík-
amanum væri veitt sú síðasta virðing, þó vér hughraust-
ir og með innilegri sannfæring hjartans tókum undir
með hinu sæla sálmaskáldi og segjum:

Hvernig sem holdið fer
hér þegar lífið þver,
Jesú, í umsjón þinni
óhætt er sálu minni, —

þá finnum vér þó, hvað náttúrulegt það er, að þessi dagur veiti hér viðstöddum náungum þessara bræðra sorgblanda unun; vér finnum hvað náttúrulegt það er, að það sé fróun og unaðssemnd fyrir ástvin að veita ástvini þann síðasta heiður og að sýna hans jarðnesku leifum alla þá rækt, sem kristilegri siðvenju er samboðin. — Þessi ræktarsemi, sem er svo fast innrætt hverjum vel kristnum manni, viðvíkjandi greptrun, já heiðarlegri greptrun þeirra, sem í lifinu voru manni nákomnir og ástfólgnir, hún er ofurnáttúrlega sprottin af eðli voru, já af því háleitasta og helgasta, sem nefnast má í því — af því guðlega í eðli voru, eða elskunni. Og sá staðurinn, kristinn maður, sem geymir þær jarðnesku leifar ástvinar þíns — er hann þér ekki kær og dýrmætur? Er ekki svo, að hann hænir þig að sér — þessi staðurinn, — að þanki þinn festir sig við hann og eins og bindur trygð við hann, jafnvel þá, þegar hann er þér svo fjarlægur, að þú ekki fær til hans komizt — auk heldur ef þú átt kost á að vitja hans endur og sinnum að væta hann með tárur þínum, að endurnýja með þér við hann þær tilfinningar, sem lifðu í klökku hjarta þínu, þegar fésjóður þinn hinn dýrmæti var feinginn honum til geymslu, ef þú átt kost á að umgangast í bæninni við legstað ástvinar þíns höfund trúar þinnar, sem segir þér: Hann er ekki hér, hans ódauðlegi andi er ekki hér, hann er í sælufögnum hjá lifandi guði? Verður ekki sorg þín þá bliðari og rólegri heldur en ef þú eingan þvilíkan stað átt á jarðri, er minning þíns sofnaða ástvinar sé viðbundin? Einn þvilíkur staður bætist að stundu liðinni, heiðruðu vinir, sem hér eigið mestan hlut að máli, við þá, sem þér áður áttuð í helguðum reitum guðs barna, bæði þeirra, sem umkringja þetta heilaga hús, og öðrum; þó innbúar hans ekki lifðu með yður og ekki væru yður teingdir persónulegrar vináttubandi, þá voru þó yðar vinir þeirra vinir, og það sama blóð rennur í yðar æðum, sem og rann í þeirra. Þessi staðurinn veri

yður þá kær og dýrmætur og sú meðvitund gleðji hjör'tu yðar, að hafa auðsýnt náungum yðar fagra skyldurækt, og sómasamlega aflokið því, sem foreldrar yðar og foreldrar þeirra grátfagnandi vildu hafa gert, en feingu það ekki.

Að endingu vildi eg, kristu vinir, áður en þessi kista er úthafin, leiða athygli yðar að nokkrum atriðum trúarbrögðunum viðkomandi, sem mér virðast tækifærið eptirtakanlega brýna fyrir oss. Minnumst þess fyrst og fremst, að alt hefir sinn ákveðna tíma og að ekkert fer svo dult, að það ekki á sínum tíma verði í ljós leitt af honum, sem sér hvað framið er í myrkrunum. Minnumst þess að sú kemur stundin, að hið liðandi sakleysi hrósi sigri, og tærin verði afþerruð af kinnum þeirra, sem gráta. Þær apturfundnu jarðnesku leifar þessara fyrir svo laungu sofnuðu bræðra, þær veri oss einnig vottur þess, að þegar sá tími kemur, að þeir framliðnu rísa upp, þegar herrann safnar hveitinu í hlöðu sína og aðskilur það frá hisminu, þá verði eingum gleymt, hvort sem líkaminn vaknaði í jörðinni eða á henni, — allir munu heyra guðs sonar raust og ekkert mun týnast af því, sem guð auðkendi með sinni mynd! Það skal í þessu tilliti ekki afla oss neinnar áhyggju, hvar eða hvernig dauðinn vitjar vor, hvort það verður í vatnsföllum, á sjó eða fjöllum uppi, svo að annaðhvort sandurinn á sjávarbotninum hylji oss eða fjallajökullinn verði hel-sæng vor, þar sem ekkert mannlegt eyra heyrir andvarpanir vorar, eingin vinarhönd hjúkrar oss né apturlyki vor brostnu augu, þar sem ýmist sólin skín á oss eða hreggviðri dynja yfir oss eða hafólga hrekur líkami vora úr einum stað í annan. Eingrar skal þetta afla oss áhyggju með tilliti til upprisudagsins, því guð gleymir oss ekki. Þar á móti skal tilhugsun þess, að svo megi fara, að dauðinn vitji vor annarsstaðar en á sóttarsænginni, að vér verðum hrifnir héðan í burt í skyndingu voveiflega. Þessi tilhugsun skal kenna oss að biðja guðs

góða anda að halda oss ávalt vakandi í vegi vorrar sáluhjálpar, já — tilhugsun vina vorra, sem vér skiljum eptir í heiminum, þegar héðan förum, og tilhugsun þess, hve illa vér jafnan erum undir dauðans aðkomu búnir. Þessi tilhugsun hlýtur að vekja með oss þá hjartans laungun og auðmjúka bæn, að guði mætti þóknast að láta oss enda líf vort á sóttarsænginni — hlýtur að leggja oss í munn þessa skáldsins auðmjúku bæn:

Eins bið eg aumur þræll,
að unnir þú Jesús sæll
liðnum líkama mínum
legstað í akri þínum.

Enn fremur er sá sorgaratburður, sem þessi kista minnir oss á, einkar vel fallinn til að vekja innilegt þakklæti í hjörtum þeirra, sem ratað hafa í einhvern lífsháska, en verið hrifnir úr honum með guðs almættis hendi; og loksins brýnir hann fyrir oss öllum, sem á lífsveginum rennum, kristilega varfærni á öllum vorum stigum, svo vér hvorki með ofdirfsku né gáleysi sviptum oss þeirri dýrmætustu gáfu, sem guð hefir gefið oss né bökum vinum vorum sorg og sálarangist. Já — förum varlega, bræður mínir, í þessum hættusama heimi, gaungum ekki sem fávísir, heldur eins og vísir, eyðum ekki í andvaraleysi vorum óvissu lífsstundum, drögum ekki undan að temja oss kristileg hyggindi og forsjállega varúð í andlegum og líkamlegum efnum, því ekki er æskufjörinu né ungdómsárunum að treysta. Það kennir oss þessi kista, ungur má en gamall skal, má — þegar guð vill, vera viðbúinn að fara héðan og verða krafinn um reikning fyrir ráðsmensku sína.

Ó! Þú réttláti guð! Daglega kallar þú mig margvíslega og bendir mér föðurlega, en eg er svo tregur að hlýða þínum náðarbendingum og aðhyllast þig. Þú eilífa elskan, svo stöðugur í öllu góðu, æ, láttu, mildi faðir, þína almáttugu náð sigrast á þrjúzku minni og fyrir-

gefðu breyzkleikann. Ó! Eg hræðist ef mér yrði burtu kipt hastarlega; fyrir því bið eg þig fyrir, að þú látir það ekki ske í skyndingu, (þegar) þú kallar mig héðan. Já, hlíf þú oss öllum miskunnsamlega og þeim, sem vér elskum, fyrir voðalegum og hraparlegum dauða, unn þú beinum vorum að hvilast í friði í þínum akri við hlið ástvina vorra, og sálum vorum og þeirra unn þú oss eilífs friðar og fagnaðar í þínum miskunnarfaðmi. Frestum þá ekki leingur því, sem forlögin svo leingi hafa frestað, frestum ekki leingur að flytja synina til foreldra þeirra, svo bein þeirra hvílist saman til upp-
risudagsins. Friður sé þá með þessum beinum. Friður guðs sé með oss öllum í Jesú nafni.

Amen.